Nd. **373. Breytingartillaga**

við frv. til l. um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar, og til leigunáms í því skyni.

Frá Pétri Ottesen.

Við 4. gr. Greinina skal orða svo:

Vegna stofnveiða til klakstöðva þeirra, er ræðir um í 3. gr., skal ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu að einhverju leyti eða öllu veiðiréttindi í Laxá úr Mývatni og í Reykjadalsá í Þingeyjarsýslu.

Takist ekki hagkvæmir samningar, að dómi ríkisstjórnarinnar, um leiguna, skal ríkisstjórninni heimilt að taka veiðiréttindin leigunámi um 10 ára skeið. Um framkvæmd leigunámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 1917, um framkvæmd eignarnáms.